


Truenorth Ísland ehf
Kristinn Thordarsson
Seljavegi 2, 2.h.
101 Reykjavík



Reykjavík, 16. apríl 2014
Tilvísun: UST20140300053/mik

Efni: Umsókn um kvikmyndatöku í Dyrhólaey.

Umhverfisstofnun hefur móttækið erindi Kristins Þórðarsonar hjá True North, dags 6. mars 2014, þar sem óskað er eftir leyfi til kvikmyndatöku í Dyrhólaey þann 7. maí næstkomandi.

Dyrhólaey var friðlýst árið 1978 sem friðland sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 101/1978. Samkvæmt friðlýsingunni er óheimilt að skaða eða trufla dýralíf á hinu friðlýsta svæði og getur Umhverfisstofnun takmarkað aðgengi almennings að eyinni á tímabilinu 1. maí til 25. júní til verndar fuglalífi.

Lýsing

Um er að ræða tölur fyrir danska kvikmynd, Skammerens Datter. Mynda á einn hest og einn reiðmann, þar sem riðið er í átt að sjónum austan megin á Háey Dyrhólaeyjar, með gatið í klettinum Tónni á hægri hönd. Á Háeyinni yrðu aðeins reiðmaðurinn með hestinn og tókuliðið. Aðrir úr tókuliðinu væru staðsettir á bílastæðinu í Háey á meðan tókurnar færu fram. Í allt væru þetta um tuttugu manns. Við þessar tölur þyrfti mögulega að nota lítinn kvikmyndakrana sem auðveldlega mætti flytja á staðinn. Ekki er gert ráð fyrir ljósum eða leikmynd. Ættu þessar tölur að taka um fjórar klst. Sama dag er gert ráð fyrir þylumyndartöku, þar sem flogið er yfir Dyrhólaey. Tilgangur þylumyndatökunnar væri að taka myndir af klettunum bæði þegar þyrlan er yfir sjónum og snýr að landi og eins þegar hún er inn í landi, fyrir innan Dyrhólaey og snýr í áttina að sjónum. Þá verður flogið með ströndinni til að fá myndir frá hlið. Fjarlægð frá klettunum þegar flogið framhjá þeim er u.þ.b. 500 metrar, en yfir landi verður ekki flogið lægra en 100 fet. Flest skotin sem þarf eru frá sjó, þ.e. þyrlan flýgur utan að sjó í átt að landi. Einnig er horft til þess að mynda úr þyrlunni frá landi í áttina að sjó. Svo verða einhverjar tölur yfir sandinum horfandi í áttina að Dyrhólaey. Tilgangurinn með þylumyndatökunni er að ná víðum myndum af Dyrhólaey svo að hægt sé að „setja ofaná“ kastalann og bæ í tölvugrafík seinna meir. Ekki er gert ráð fyrir að þyrlunni verði lent í Dyrhólaey. Á meðan þylumyndatökan færi fram væri tókuliðið og farartæki staðsett á bílastæðinu á Lágey. Gert er ráð fyrir þremur trukkum að hámarki, ásamt u.þ.b. sex jeppum. Á bílastæðinu í Háey bætist við einn jeppi með hestakerru. Að tókunum koma samtals 20 manns.

Áhrifamat

Í auglýsingu um friðlýsingu Dyrhólaeyjar er sérstaklega tiltekið að óheimilt sé að skaða eða trufla dýralíf á hinu friðlýsta svæði. Umhverfisstofnun hefur auk þess heimild til að takmarka ferðir um svæðið á tímabilinu 1. maí - 25. júní ár hvert, þ.e. á varptíma.

Umhverfisstofnun lítur því svo á að megin tilgangur friðlýsingar Dyrhólaeyjar sé verndun fuglalífs svæðisins. Samkvæmt 4. mgr. 17. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, er óheimilt að þeyta flautur, fljúga flugvélum eða vera með annan hávaða að óþörfu í grennd við fuglabjörg. Í klettum í Dyrhólaey og í dröngum út af henni verpa nokkrar tegundir sjófugla sem hafa átt undir högg að sækja á undanförunum árum og er lítið svo á að þyrluflugið myndi valda þeim truflunum. Í Dyrhólaey er jafnframt æðarvarp. Í æðarvörpum er öll óviðkomandi umferð og röskun bönnuð, svo og óþarfa hávaði af völdum manna og véla, nema með leyfi varpeiganda sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 252/1996, um friðun tiltekinna villtra fuglategunda, friðlýsingu æðarvarps, fuglamerkingar, hamskurð o.fl.

Þyrluflug yfir landi eins og lýst er í erindi umsækjanda og óskað er leyfis til að fram megi fara 7. maí nk. er talið geta valdið truflunum á fuglalífi svæðisins sem hefur átt undir högg að sækja á síðustu árum.

Með vísan til þess sem að framan segir hafnar Umhverfisstofnun því beiðni True North um leyfi til þyrluflugs yfir Dyrhólaey.

Hvað tókur á landi varðar, getur Umhverfisstofnun ekki tekið afstöðu til þeirrar framkvæmdar fyrr en ákvörðun hefur verið tekin um það hvort ákvæði um lokunarheimild friðlandsins verður nýtt í ár. Undanfarin ár hefur Umhverfisstofnun byggt ákvörðun sína um takmarkanir á aðgengi að eyggi á úttekt fuglafræðings á svæðinu, sem í ár er fyrirhugað að framkvæmd verði 28. apríl n.k. Ákvörðun stofnunarinnar um takmörkun á aðgengi að svæðinu liggur því ekki fyrir fyrr en skýrsla fuglafræðingsins liggur fyrir.


Til upplýsinga, þá var aðgangur að eyjunni takmarkaður frá 8. maí til 25. júní árið 2013. Opið var inn á Lágey milli kl. 9:00 til 18:00 á daginn en Háey lokað fyrir akandi umferð. Umferð gangandi fólks var heimil um Lágey og Háey eftir merktum göngustígum milli kl. 9:00 og 19:00 á sama tímabili, undir eftirliti landvarða. Friðlandið var lokað á kvöldin og yfir nóttina frá kl. 19:00 til kl. 9:00 frá 8. maí. Sumarið 2012 hófust takmarkanir á umferð þann 5. maí.


Stofnunin hvetur því til þess að grannt verði fylgst með tilkynningum um takmarkanir á aðgengi fyrir árið 2014, undir lok aprílmánaðar. Þá skal bent á að miðað við lýsinguna um framkvæmd, þá er um leyfissskylda framkvæmd að ræða og skal sótt um leyfi fyrir framkvæmdinni þegar stofnunin hefur tekið ákvörðun um nýtingu lokunarákvæðisins.

Upplýsingar um takmarkanir á umferð um svæðið verða sendar fjölmiðlum þegar þær liggja fyrir og birtar á vefsíðu Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun bendir á, að skv. 3. ml. 1. mgr. 74. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, sbr. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er heimilt að kæra ákvörðun þessa til umhverfis- og auðlindaráðherra.

Virðingarfyllst


Sigrún Agústs dóttir
Sviðsstjóri


Þórdís V. Bragadóttir
Sérfræðingur